



## REGLUR UM ENDURGREIÐSLU KOSTNAÐAR VEGNA SLYSA OG TJÓNA ER BÖRN VERÐA FYRIR Í SKIPULÖGÐU STARFI Á VEGUM REYKJAVÍKURBORGAR

### 1. gr.

#### *Gildissvið*

Reglur þessar taka til endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn 18 ára og yngri verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar. Greiðslum samkvæmt reglum þessum er ætlað að standa undir hlutdeild foreldra/forráðamanna og eru þær greiddar án tillits til þess hvort tjónið verður rakið til sakar eða aðgæsluleysis starfsmanna eða búnaðar húsnæðis í eigu Reykjavíkurborgar.

### 2. gr.

#### *Skilgreining á skipulögðu starfi*

Skipulagt starf á vegum Reykjavíkurborgar sem fellur undir gildissvið þessara reglna er eftirfarandi:

#### 1. Grunnskólar

- Grunnskólastarf (starf sem fer fram á skólatíma á skólalóð og í ferðum á vegum grunnskóla).

#### 2. Leikskólar

- Leikskólastarf (starf sem fer fram á skólatíma á leikskólalóð og í ferðum á vegum leikskóla).

#### 3. Velferðarsvið

- Námskeiðshald fyrir börn á vegum þjónustumiðstöðvanna.
- Menningarviðburðir sem þjónustumiðstöðvarnar eru ábyrgðaraðilar að.
- Börn í stuðningsþjónustu hjá þjónustumiðstöðvunum.
- Fjölskylduheimili á vegum sviðsins.
- Skammtímaheimili fyrir unglinga.
- Stuðningsheimili á vegum sviðsins.
- Vistheimili barna fyrir börn 0-12 ára.
- Skammtímavistun á einkaheimilum fyrir börn á aldrinum 0-18 ára.
- Skammtímavistun fyrir fötluð börn.
- Unglingasmiðjurnar.

#### 4. Íþróttá- og tómstundasvið (ÍTR)

- Leikjanámskeið ÍTR fyrir 6-12 ára.
- Leikvellir reknir af ÍTR á sumrin.
- Frístundaheimili.
- Frístundaklúbbar fyrir 10-16 ára.
- Tómstundastarf fyrir 10-12 ára.
- Skipulagt starf í félagsmiðstöðvum ÍTR.
- Starf á vegum Hins hússins 16-18 ára.
- Ferðir á vegum ÍTR í skipulögðu starfi 6-18 ára.



### 3. gr.

#### *Greiðsla kostnaðar vegna komu á slysa- og bráðadeild*

Reykjavíkurborg greiðir kostnað vegna flutnings barns með sjúkrabifreið og komugjald vegna fyrstu heimsóknar á slysa- og bráðadeild, þegar barn verður fyrir slysi í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar.

### 4. gr.

#### *Kostnaður vegna tannviðgerða*

Tannviðgerðir á börnum tilkomnar vegna slysa og tjóna barna eru endurgreiddar foreldrum/forráðamönnum að hluta af Tryggingastofnun ríkisins. Fjölskyldutryggingar tryggingafélaga greiða almennt einnig hluta af tannviðgerðum barna. Það sem eftir stendur greiðir Reykjavíkurborg, þó ekki hærrí upphæð en kr. 100.000,- vegna einstaks slyss.

### 5. gr.

#### *Heimild til að semja um kostnaðarpáttöku*

Heimilt er að semja um að kostnaðarpátttaka Reykjavíkurborgar, vegna tannviðgerða sem eru afleiðing slyss í skipulögðu starfi, gildi í allt að þrjú ár eftir að grunnskóla lýkur. Samning þennan skal gera eigi síðar en sex mánuðum eftir slysdag.

Komi fram mat frá tannsérfræðingi innan þriggja ár eftir að grunnskólagöngu lýkur um að nauðsynlegt sé að tannviðgerðin fari fram síðar en fram kemur hér að framan, er Reykjavíkurborg heimilt að semja um framlengingu gildistíma allt að tveimur árum.

### 6. gr.

#### *Undantekningar*

Reykjavíkurborg greiðir ekki samkvæmt reglum þessum reikninga vegna stoðtækja. Tjón á eignum/munum, s.s. fatnaði, gleraugum o.þ.h. skal ekki greiða nema það verði rakið til mistaka starfsmanna Reykjavíkurborgar eða vegna vanbúnaðar húsnæðis þar sem skipulagt starf fer fram.

### 7. gr.

#### *Afgreiðsla mála*

Kröfu um greiðslu á grundvelli reglnanna skal beint til fjármálastjóra viðkomandi sviðs. Með kröfunni skal fylgja frumrit greiðslukvittana frá Tryggingastofnun ríkisins og tryggingafélagi viðkomandi foreldra/forráðamanna.

Reykjavíkurborg getur farið fram á að foreldrar/ forráðamenn afhendi frekari gögn sem nauðsynleg teljast til að hægt sé að taka ákvörðun um hvort til staðar sé réttur til endurgreiðslu. Embætti borgarlögmanns skal vera til ráðgjafar og taka lokaákvörðanir í ágreiningsmálum sem upp koma.

### 8. gr.

#### *Gildistaka*

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. apríl 2008. Jafnframt falla úr gildi reglur Menntasviðs Reykjavíkurborgar frá árinu 1995 um endurgreiðslur vegna slysa og tjóna er nemendur og starfsfólk skóla verða fyrir á skólatíma.